

5. maí 2003

Athugasemdir vegna umræðu um fátækt.

Að undanfögnu hefur mikið verið rætt um fátækt á Íslandi, meðal annars í tilefni að útkomu bókar Hörpu Njáls um efnið, en Borgarfræðasetur gefur bókina út í samvinnu við Háskólaútgáfunna. Meðal annars hefur verið fullyrt að fátækt sé vart til á Íslandi eða í öllu falli minni en hjá öllum öðrum þjóðum. Þetta fær ekki staðist, hvort sem litið er til ítarlegrar bókar Hörpu Njáls eða til fjölda annarra gagna sem fyrir liggja um íslenska velferðarkerfið.

Á ráðstefnu Ís-Forsa í síðustu viku komu fram nýjar upplýsingar frá Sigurði Snævarr hagfræðingi sem virðast við fyrstu sýn geta stutt ofangreindar fullyrðingar. Þegar nánar er skoðar og þegar tillit er tekið til þeirra fyrirvara sem Sigurður setur sjálfur við gögn sín, kemur í ljós að það fær ekki staðist að fátækt sé minni á Íslandi en í öllum öðrum löndum.

Niðurstaða þeirra rannsókna sem gerðar voru fyrir bókina *Íslenska leiðin* eftir Stefán Ólafsson prófessor, sem út kom árið 1999, sýndu að fátækt var heldur meiri á Íslandi en hjá hinum norrænu þjóðunum og nær meðallagi í hópi ríku þjóðanna á Vesturlöndum. Meginástæða þeirrar útkomu er sú, að íslenska velferðarkerfið veitir lakari framfærsluþryggingu fyrir þá sem þurfa að stóla á almannatryggingar og atvinnuleysisbætur.

Ástæða er til að gera nánari grein fyrir þeim fyrirvörum sem hafa þarf á mati Sigurðar Snævarr á umfangi fátæktar á Íslandi og samanburði við önnur lönd, svo umræðan verði upplýstari.

Almennt umfang fátæktar og barnafátækt

Rannsókn Sigurðar byggir á gögnum skattframtala fyrir framteljendur 25 ára og eldri. Í öðrum löndum er yfirleitt miðað við 18 ára og eldri í slíkum rannsóknum. Að undanskilja hópinn sem er á aldrinum 18-24 ára leiðir til mikils vanmats á umfangi fátæktar almennt á Íslandi, og barnafátæktar sérstaklega.

Ástæða þessa vanmats er sú, að verulega stór hluti þess hóps sem í reynd er undir fátæktarmörkum er einmitt í þessum aldurshópi (Sigurður nefnir þetta sjálfur sem fyrirvara á sínum niðurstöðum). Dæmi um slíka hópa eru:

- **Ungt fólk sem hættir snemma í skóla** og lendar oftast í lágt launuðum störfum.
- **Ungar einstæðar mæður** sem eru margar á þessum aldri og þær eru mjög oft undir fátæktarmörkum.
- **Ungt fólk sem er atvinnulaust**. Um 36% þeirra sem voru atvinnulausir árið 2002 voru undir 25 ára aldri og þeir myndu allir lenda undir fátæktarmörkum þeim sem miðað er við.
- **Nemendur**, en þeir teljast oft undir fátæktarmörkum.

Það er því ljóst að aðferð Sigurðar felur í sér umtalsvert vanmat á umfangi fátæktar á Íslandi. Þetta kemur fram í þeim fyrirvörum sem hann setur sjálfur við niðurstöður sínar en þeir fyrirvarar hafa ekki komið nægilega skýrt fram í umræðunni.

Erlendur samanburður

Sigurður ber einnig saman barnafátækt á Íslandi og í öðrum löndum. Sá samanburður er þannig gerður að saman eru bornar íslenskar tölur fyrir 25 ára og eldri við erlendar tölur fyrir 18 ára og eldri. Þar með er ljóst að sá samanburður er ekki marktækur vegna þess að sambærileika skortir. Íslensku tölurnar undanskilja þá hópa fátækra sem eru tilgreindir að ofan en þeir eru meðtaldir í erlendu gögnunum. Íslensku tölurnar eru því of lágar í samanburði Sigurðar.

Það fær þannig ekki staðist að fátækt almennt eða barnafátækt sérstaklega sé minni á Íslandi en í öllum öðrum löndum að Svíþjóð undanskilinni.

Rannsókn Hörpu Njáls, *Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar*, sem hægt er að nálgast í helstu bókabúðum, notar aðra aðferð, þ.e. “algild fátæktarmörk”, en Félagsvísindastofnun og Sigurður Snævarr byggja á “afstæðum fátæktarmörkum” (þeir sem eru með minna en 50% af miðgildi meðaltekna á mann teljast fátækir). Harpa sýnir á ótvíræðan hátt hvernig veruleiki fátæktarinnar á Íslandi er, með því að bera saman heildarráðstöfunartekjur fólks í ákveðnum aðstæðum við raunverulegan framfærslukostnað í landinu. Þar má sjá í smáatriðum hvernig ófullnægjandi tryggingavernd almannatrygginga og atvinnuleysisbóta, auk lágra launa á vinnumarkaði, dæmir fólk oft til að lifa við fátæktarskilyrði á Íslandi. Róttækar skerðingarreglur í almannatryggingakerfinu festa fólk einnig oft í þessum aðstæðum, þ.e. í fátæktargildrum.

Meðfylgjandi er samanburður á barnafátækt hjónafólks og einstæðra foreldra sem byggir á gögnum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands fyrir árið 1997-8 og nær til 18 ára og eldri eins og erlendu gögnin, en þau koma úr gagnabanka Luxembourg Incomes Study, sem langmest er notaður í samanburði á tekjuskiptingu og fátækt milli landa. Reynt var að gera gögnin sem sambærilegust. Þau sýna mun meira umfang fátæktar á Íslandi en gögn Sigurðar Snævarr og aðra stöðu Íslands í erlendum samanburði.

Sjá myndir á næstu tveimur síðum.

f.h. Borgarfræðaseturs,

Stefán Ólafsson, forstöðumaður



